

b e u r e r blóðþrýstingsmælir BC - 42

Lýsing

1. Skjár
2. –Takki til að velja minni
3. + Takki til að velja minni
4. Takki fyrir minni MENU
5. Kveikt / Slökkt
6. Mansétta 12,5 – 20,5 cm

Fyrstu stillingar

Eftir að rafhlöðurnar hafa verið settar í mælinn, koma stillingar fyrir tungumál, klukku og dagsetningu á skjáinn:

Tungumál

Með + og – tökkunum er nú hægt að velja það tungumál, sem á að nota. (ensku, þýsku, frönsku, ítölsku eða spænsku)

Með því að ýta á takkann MENU eða START/STOP er viðkomandi tungumál staðfest og sjálfkrafa komið að því að stilla klukku og dagsetningu.

Með því að ýta á MENU takkann er hægt að breyta um tungumál seinna meir.

Dagsetning / Klukka

Stilling á dagsetningu og klukku er nauðsynleg til að geta sett mælingarnar með viðkomandi dagsetningu og tímasetningu í minnið.

Notið aftur + og – takkana og stimplið inn ártalið, mánuðinn og daginn og einnig réttan tíma. Staðurinn, sem stilla þarf, blikkar á skjánum. Þegar búið er að stilla viðkomandi stillingu er hún staðfest með því að ýta á MENU takkann og þá fara næstu stafir að blikka.

Eftir að hafa stillt þetta er einnig hægt að ákvarða hvort mælirinn á ávallt að sýna dagsetningu og klukku. Hér er hægt að velja með + og – tökkunum; DISPLAY ON til að láta þetta ávallt koma fram eða DISPLAY OFF til að láta þetta ekki koma fram í hvert sinn. (Ef þetta er ávallt látið koma fram, er líftími rafhlaðanna að sjálfsögðu aðeins styttri)

Staðfestið stillingarnar síðan ávallt með START/STOP takkanum.

Mælirinn settur á úlnliðinn

Komið mælinum fyrir á vinstri úlnlið og látið hann snúa inn á við og athugið að mælirinn þarf að liggja á hörundinu.

Lokið manséttunni með franska rennilásnum og þannig að mælirinn sé ca. 1 cm frá bungu þumalfingurs.

Manséttan þarf að liggja þétt upp að úlnliðnum en má samt ekki þrengja að.

Mæling

Sitjið í afslappaðri stöðu

Staðsetjið framhandlegginn þannig að brúnin á mælinum sé í svipaða hæð og hjartað (sjá mynd).

Hvílist í 3 – 5 mínútur áður en byrjað er að mæla.

Veljið viðkomandi minni M1, M2 (sjá hér á eftir)

Ýtið síðan á START takkann til að byrja mælingu og þá fer skjáinn í gang.

Manséttan er nú fyllt af lofti þannig að þrýstingur í henni verði 180 mmHg, og á skjáinn koma eftirfarandi myndir; RELAX (slappið af), RELAX (slappið af), DO NOT MOVE (ekka hreyfa þig), QUIET (þögn) og aftur DO NOT MOVE (ekki hreyfa þig)

Þegar þrýstingur í manséttunni er kominn í 180 mmHg þá byrjar mælirinn að mæla og á skjáinn kemur hjarta sem slær.

Ef þrýstingurinn 180 mmHg er ekki nægjanlegur fyrir mælingu, þá dælir mælirinn meira lofti í manséttuna.

Að lokum koma gildi á skjáinn, sem sýna blóðþrýsting og púls.

Slökkvið nú á mælinum með því að ýta á START/STOP takkann. Ef gleymist að slökkva á mælinum, þá slekkur hann á sér sjálfur eftir 3 mínútur.

Val á minni

Hægt er að velja um 2 x 30 mælingar og setja þær í minni svo hægt sé að fylgjast með breytingum á blóðþrýstingi.

Eftir að rafhlöðurnar hafa verið settar í mælinn mun hann ávallt setja allar mælingar í minnið M1 og þótt rafhlöðurnar séu fjarlægðar þá eru þessi gildi enn geymd í minninu.

Með því að ýta á MENU takkann er farið í MEMORY SELECTION (val á minni) og með því að ýta einu sinni í viðbót er komið að því að velja.

Með + og – tökkunum er hægt að velja um minni M1 eða M2 eða hafa ekkert minni (OFF (slökkt)), og síðan er þetta staðfest með því að ýta á MENU takkann.

Á meðan á mælingu stendur sést númer viðkomandi minnis á skjánum.

Ef valið hefur verið OFF (slökkt) er mælingin ekki sett í minni.

Ef ákveðið minni hefur verið valið þá fara allar mælingar í það, þar til stillingu er breytt eða rafhlöðurnar eru fjarlægðar.

Mælingar kallaðar fram úr minnunum

Hægt er að kalla fram mælingu úr minnunum M1 eða M2 á fjóra mismunandi vegu:

a) ein mæling kölluð fram:

Þegar slökkt er á mælinum og ýtt er á + eða – takkann, þá kemur síðasta mæling á skjáinn.

Með því að ýta aftur á + eða – takkann er hægt að kalla allar fyrri mælingar á skjáinn.

Á skjánum sést hvaða minni er um að ræða, dagsetning og tímasetning og númer viðkomandi mælingar.

Númer viðkomandi mælingar nr. 1 er ávallt elsta mælingin og þegar númeri 30 er náð, þá detta elstu mælingar út.

b) meðalgildi mælinga:

Þegar síðasta mæling, sem mæld var kemur á skjáinn er hægt að ýta á + eða – takkann og þá kemur meðaltal allra mælinganna á skjáinn.

c) listi með gildum mælinganna

Auk þess er hægt að skoða gildi mælinganna á lista.

Þegar þið eruð stödd í gildi einnar ákveðinnar mælingar er ýtt aftur á MENU takkann og þá kemur listi með öllum mælingum í minninu og hægt er að skoða 5 mælingar í einu á skjánum.

Síðasta mæling sem skoðuð var er sýnd í ramma, og hægt er að blaða í gegn um listann með + og – tökkunum.

d) línurit mælinga í minninu

Þetta sýnir línurit allra mælinga í minninu og um leið þróun blóðþrýstings á einni skjámynd.

Þegar listinn með gildunum er á skjánum er ýtt á MENU takkann til að ná fram línuriti allra mælinga, og gildi mælingarinnar sem var á skjánum blikkar og til hægri eru svo allar aðrar mælingar.

Með því að ýta á + eða – takkana er hægt að breyta öllum gildum línuritsins í tölur, sem koma á skjáinn hægra megin við línuritið.

Lengst til hægri í línuritinu er sverara strik sem sýnir meðalgildi allra mælinganna.

Til að slökkva á skjánum er einfaldlega ýtt á START/STOP takkann en að öðrum kosti slökkvar sjálfkrafa á mælinum eftir ca. 30 sekúndur.

MENU (valmynd)

Til að kalla fram valmyndina er ýtt á MENU takkann og síðan er hægt að velja af valmyndinni með + eða – tökkunum.

Ýtið aftur á MENU til að komast inn í viðkomandi kafla þar sem punkturinn er staðsettur.

Með + eða – tökkunum er svo hægt að breyta stillingum innan hvers kafla.

a) MEMORY SELECTION (val á minni) sjá hér á undan.

b) PRESET PRESSURE (stilling á þrýstingi)

Gildin sem framleiðandinn stillti á er 180 mmHg, en hægt er að breyta þessum gildum með + eða – tökkunum í 10 mmHg þrepum frá 150 mmHg og upp í 300 mmHg.

Með þessu er hægt að stilla á þann þrýsting sem hentar án þess að mælirinn sé alltaf að bæta lofti í manséttuna.

Þumalputtareglan er : Stilling á þrýsting er: blóðþrýstingur efri marka + 30 mmHg. Staðfestið stillinguna með því að ýta á MENU takkann. Mælirinn slekkur á sér.

c) MEMORY CLEAR (hreinsað úr minninu)

Notið + eða – takkana til að velja þá mælingu sem á að eyða og eyðið viðkomandi mælingu með því að ýta aftur á MENU takkann

d) LANGUAGE (tungumál)

Hægt er að velja um 5 tungumál með því að ýta á + eða – takkana. þ.e.a.s. ensku, þýsku, frönsku, ítölsku eða spænsku.

e) CLOCK SET (klukkan stillt)

Á þessu svæði er hægt að stilla eða breyta dagsetningu og/eða klukku.

f) CONTRAST (birtustilling á skjá)

Hér er hægt að stilla birtuna á skjánum. Með því að nota + og – takkana er hægt að stilla á milli 1 og 10 og á stillingu 1 eru birtuskilin mest

Ýtið á MENU til að staðfesta viðkomandi stillingu

Ýtið ávallt á MENU til að staðfesta allar stillingar í ofangreindum valmyndum. Mælirinn slekkur á sér eftir að viðkomandi valmynd hefur verið valin. Annars er slökkt á mælinum með því að ýta á START/STOP takkann, en ef það gleymist, þá slekkur hann á sér ef hann hefur ekki verið snertur í 30 sekúndur.

Villutákn, sem koma á skjáinn

Ef það tekur lengri tíma en 25 sekúndur að blása lofti í manséttuna

Ef þú hreyfir þig á meðan á mælingu stendur í stað þess að sitja kyrr.

Nægjanlegum þrýsting á manséttnu er ekki náð þrátt fyrir að reynt sé að dæla meira lofti í hana.

Mælingarnar eru óvanalega háar eða lágar.

Þrýstingur í manséttnu er meiri en 330 mmHg

Ef villutákn koma á skjáinn þá bíðið aðeins og reynið aftur.

Hreinsun

Hreinsið mælinn varlega með mjúkum og rökum klút, en notið aldrei nein hreinsiefni. Það má alls ekki setja mælinn í vatn, því enginn vökvi má komast inn í mælinn.

Tafla yfir gildi mælinga (mmHg) fyrir fullorðna:

Blóðþrýstingur	Efri mörk	Neðri mörk	Viðbrögð
lágur blóðþrýstingur	lægri en 105	lægri en 60	samráð við lækni
venjulegur blóðþrýstingur	milli 105 og 140	milli 60 og 90	fylgjast með sjálf
á mörkunum	milli 140 og 160	milli 90 og 95	samráð við lækni
hár blóðþrýstingur	hærri en 160	milli 95 og 105	samband við lækni
hár blóðþrýstingur	hærri en 160	milli 105 og 115	samband við lækni
hár blóðþrýstingur	hærri en 160	hærri en 115	samband við lækni

Tæknilegar upplýsingar:

Tegund mælis:

Beurer BC-42

Fyrir úlnliði að ummáli 12,5 – 20,5 cm.

Mæligildi skjás:

0 – 300 mmHg

Mæligildi mælis:

Efri mörk 50-250 mmHg / lægri mörk 40-180 mmHg / Púls 40 – 160/ mín.

Nákvæmni mælinga:

Efri og neðri mörk mörk +/- 3 mmHg, púls +/- 5% af sýndum gildum. Hámark skekkjumarka í heilsugæslustöðlum skv. DIN 58130 er 8 mmHg.

Orka:

2 x rafhlöður 1,5 V (Alkaline LR03)

PFAFF-Borgarljós hf., Grensásvegi 13, 108 Reykjavík, s: 414-0400

www.pfaff.is